

Fréttabréf Brimvers/Æskukots

Nóvember 2016

Skólastarfið er komið vel af stað og er hver dagur einstakur á sinn hátt. Þó ákveðinn rammi sé um daglegt starf þá er starfið í eðli sínu breytilegt, lifandi og gefandi. Hver stund á sín einstöku augnablik og tækifæri sem við reynum að nýta vel og njóta. Ég vil hvetja foreldra til að láta vita um hvað eina sem getur auðgað og bætt skólastarfið.

Bestu kveðjur, Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri.

Alþjóðlegi Bangsadagurinn

Hann er einn af þeim dögum sem krydda starfið á skemmtilegan hátt. Í Brimveri voru bangsar boðnir velkomnir og var slegið upp bangsaballi í sal. Boðið var upp á náttfatadag og bangsa á Æskukoti. Það er alltaf gott að vera með góðum vini og hafa bangsar oft verið í því mikilvæga hlutverki.



Mikilvægar dagsetningar

- 9. nóv. Skólaheimsókn, nemendur f. 2012
- 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu
- 16. nóv. Skólaheimsókn, nemendur f. 2011. Nemendur í BES lesa fyrir nemendur leikskólans
- 17. nóv. Starfsdagur – Leikskólinn lokaður**
- 18. nóv. Haldið upp á *Alþjóðadag barna* sem er 20. nóv.
- 23. nóv. Skólaheimsókn, nemendur f. 2013
- 27. nóv. Kl. 16:00 – Aðventusamvera sem foreldrafélag Brimvers heldur með nemendum og foreldrum á Brimveri
- 29. nóv. Timburhólaskógur rútuferð í boði foreldrafélaga. Rútan fer 8:30 frá Brimveri og 8:45 frá Æskukoti.
- 30. nóv. Skólaheimsókn, nemendur f. 2011

Efnisyfirlit
Alþjóðlegi Bangsadagurinn

Mikilvægar dagsetningar

Foreldraviðtöl – Heilsubók barnsins

Skólaheimsóknir

Brunavarnir Árnessýslu -
Rýmingaræfing

Öryggi

Fundagerðir

Aðalfundur

Foreldraráð

Umhverfisnefnd

Foreldraviðtöl – Heilsubók barnsins

Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl er langt kominn á flestum deildum. Foreldraviðtöl verða í nóvember þar sem deildarstjóri og hópstjóri hittir foreldra og fer yfir skráningar í Heilsubók barnsins. Þau nýmæli verða að elstu nemendur sem eru fæddir árið 2011 eru boðaðir í viðtalið með foreldrum. Fyrir viðtalið fá foreldrar þessara nemenda umræðulista sem þeir fara yfir með sínu barni og koma með í viðtalið. Með þessu erum við að vonast til að sjónarmið nemenda nái að koma vel fram þannig að viðtalið verði þeim, kennurum og foreldrum leiðbeinandi um styrkleika, þarfir og óskir hvers nemenda. Þessi breyting er til komin vegna vinnu kennara í þróunarverkefninu „Námsmat á mörkum skólastiga“ sem allir leik- og grunnskólar í Árborg vinna að ásamt FSU með styrk frá Sprotasjóði.

Skólaheimsóknir

Skólaheimsóknir nemenda sem eru fæddir 2011, 2012 og 2013 byrjuðu í október, stefnt er að því að þessar heimsóknir verði á miðvikudagsmorgnum. Skólarútan sækir börnin í Brimveri þar sem heimsóknirnar eru í Barnaskólanum á Stokkseyri. Markmiðið er að efla félagsþroska þar sem jafnaldrar hittast og nemendur eru líka að kynnst næsta skólastigi. Einnig hafa þessar heimsóknir áhrif á þekkingu og skilning kennara á milli skólastiga. Mikil ánægja er með þessar heimsóknir og fáum við alltaf mjög góðar móttökur í BES.



Brunavarnir Árnassýslu - Rýmingaræfing



Sverrir Haukur, varaslökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Árnassýslu, heimsótti leikskólann, hann kom í Æskukot mánudaginn 24. október og Brimver þriðjudaginn 25. okt. Haukur hitti elstu nemendur skólans og kynnti fyrir þeim verkefnið [Loga og Glóð](#) sem nú er í gangi á landsvísu. Markmiðið með þessu verkefni er að veita börnunum fyrstu fræðslu um eldvarnir og stuðla að bættum eldvörnum bæði í leikskólunum og á heimilum barnanna. Þegar Logi, Glóð og slökkviliðsmennirnir heimsækja leikskólana fá krakkarnir fallega

möppu sem heitir Slökkviliðið mitt. Í henni eru meðal annars þrautir og verkefni og sérstakur reitur þar sem börnin geta sett mynd af sér með slökkviliðshjál. Á bakhliðinni eru áriðandi skilaboð til foreldranna. Krakkarnir taka möppuna því með sér heim og sýna pabba og mömmu. Þau fá líka bækling með sér heim þar sem helstu atriði eldvarna eru útskýrð. Síðast en ekki síst fær hvert barn áritað viðurkenningarskjal þar sem slökkviliðsstjóri býður það velkomið í hóp aðstoðarmanna slökkviliðsins.

Rýmingaræfing með þátttöku allra í leikskólanum var á báðum starfsstöðvum. Æfingin gekk vel og fór Haukur yfir þá þætti sem huga þarf að með leikskólastjóra og deildarstjórum allra deilda. Við þökkum Hauki kærlega fyrir góða fræðslu og leiðsögn.



Öryggi

Mikilvægt er að allir gæti þess vel að loka hliðum þegar komið er með börnin í leikskólann og þegar þau eru sótt. **Hliðin eiga alltaf að vera lokuð nema rétt á meðan gengið er um þau.**

„Hugurinn er sem lítið barn og þarf stöðuga umhyggju og athygli“

Fundagerðir

Aðalfundur

Aðalfundur foreldrafélaga og kosið í foreldraráð leikskólans fyrir skólaárið 2016-2017

27. september 2016, fundur haldinn í Brimveri kl. 20:00-21:30.

Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf foreldrafélaga í Brimveri/Æskukoti og kosið í foreldraráð.

1. Foreldrafélag Æskukots. Guðrún Jóna Borgarsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar, ársreikninga og starfsáætlun. Umræður um hugmyndir að fjáröflun. Kosning stjórnar fyrir skólaárið 2016-2017. Í stjórn foreldrafélagsins eru: Guðrún Jóna Borgarsdóttir, Sigrún Ína Ásbergisdóttir, Selma Friðriksdóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, Sigurbára Óskarsdóttir og Elín Katrín Rúnarsdóttir.
2. Foreldrafélag Brimvers. Þóra Ósk Guðjónsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar, ársreikninga og starfsáætlun. Umræður um hugmyndir að fjáröflun. Kosning stjórnar fyrir skólaárið 2016-2017. Í stjórn foreldrafélagsins eru: Þóra Ósk Guðjónsdóttir, Anna Kristína Södertröm og Vigdís Sigurðardóttir.
3. Foreldraráð 2015-2016. Farið var yfir störf ráðsins, fundargerðir til kynningar og starfsreglur kynntar. Óskað var eftir framboðum á fundinum. Fjórir fulltrúar eru kosnir í ráðið og skal stefnt að því að þeir komi af jafnmörgum deildum leikskólans. Æskilegt er að á hverju ári sitji að a.m.k. einn fulltrúi áfram sem hefur setið í ráðinu. Í foreldraráði fyrir skólaárið 2016-2017 eru: Vigdís Sigurðardóttir fyrir Merkistein, Sigrún Ína Ásbergisdóttir fyrir Fiskaklett, Hanna Sif Bjarnadóttir fyrir Bataklett og Ásta Kristín Helgadóttir fyrir Kötlustein. Varamenn eru Sigurbára Óskarsdóttir og Þóra Ósk Guðjónsdóttir.
4. Fundur foreldraráðs verður haldinn 12. október kl. 16:00-17:00 í Æskukoti.
Dagskrá fundar samkvæmt starfsreglum verður:
 - ✓ Fulltrúar skipta með sér verkum (formaður, varaformaður, ritari)
 - ✓ Starfsreglur foreldraráðs
 - ✓ Fulltrúar skrifa undir þagnareið
 - ✓ Starfsáætlun ráðsins
 - ✓ Starfsáætlun leikskólans 2016-2017, kynning og umfjöllun
5. Önnur mál
Góð samvinna hefur verið á milli foreldrafélaga í Brimveri og Æskukoti sem er góður stuðningur við skólastarfið.
Kærar þakkir til fráfarandi fulltrúa í foreldrafélögum og foreldraráði leikskólans.
Fundu slitið kl. 21:30.

Foreldraráð

Stokkseyri
12. október 2016

Foreldraráðsfundur (1)

Viðstaddir eru Sigríður Birna, Vigdís, Ásta og Sigrún Ína.

Kosið um formann, varaformann og ritara.

- Formaður: Vigdís.
- Varaformaður: Ásta.
- Ritari: Sigrún Ína.

Farið yfir starfsreglur foreldraráðs.

Skrifað undir þagnareið.

Rætt um starfsáætlun foreldraráðs.

Rætt um starfsáætlun Brimvers/Æskukots.

Fundur vetrarins verða sex talsins nema boða þurfi til aukafundar.

- Miðvikud. 2. nóvember kl. 16 í Brimveri.
 - Starfsáætlun leikskólans tekin fyrir.
 - Önnur málefni.
- Miðvikud. 11. janúar 2017 kl. 16 í Æskukoti.
- Miðvikud. 15. mars kl. 16 í Brimveri.
- Miðvikud. 10. maí kl. 16 í Æskukoti.
- Miðvikud. 21. júní kl. 16 í Brimveri.
 - Farið yfir skólaárið.
 - Næsta skólaár undirbúið.
 - Ársskýrsla tekin fyrir.

Fundur verða boðaðir með viku fyrirvara. Varamenn verða kallaðir til ef forföll verða.

Sigrún Ína Ásbergisdóttir, ritari.

Eyrbakka

1. nóvember 2016

Foreldraráðsfundur (2)

Viðstaddir eru Sigríður Birna, Vigdís, Ásta og Sigrún Ína.

Fulltrúi Bátakletts forfallaðist og varamaður komst ekki á fundinn.

Starfsáætlun leikskólans Brimvers/Æskukots var tekin til umræðu og umsagnar. Áætlunin var samþykkt af foreldraráði.

Næsti fundur verður þann 11. janúar 2017 í Æskukoti, nema annað komi til.

Sigrún Ína Ásbergsdóttir, ritari.

Umhverfisnefnd

26.10.2016 - Fundur umhverfisnefndar

Haldinn í Barnaskólanum á Stokkseyri í skólabókasafninu kl. 10:50-11:20

Mætt: Sara Lind, Mía, Orri Fannar, Haraldur Aron, Kristinn Georg, Óskar Vilhelm, Védís Reyn, Kolbrá Agla, Finnur Andri (nemendur) Vigdís, Hulda Ósk og Sigga Birna (kennarar) Hafdís (bókasafnsvörður)

1. Umræður um Grænfánann og hlutverk umhverfisnefndar, allir elstu nemendur leikskólans eru í umhverfisnefnd og eru mættir á fundinn
2. Umræður um orðið „umhverfi“ og hvernig við getum haft jákvæð áhrif á umhverfi okkar inni og úti
3. Umræður um umgengni á bókasafninu. Hafdís fór yfir hvernig á að umgangast bækur til að þær endist sem best og margir geti notið þeirra
4. Umræður um aðkomu umhverfisnefndar að eftirliti þar sem gætt er að heilbrigði og öryggi í leikskólanum. Ákveðið að tengja þá vinnu við verkefnið með Loga og Glóð eins og gert var síðasta skólaár. Deildarstjórar og hópstjórar skipuleggja það þannig að allir elstu nemendur koma að þeirri vinnu og skipta með sér hlutverkum
5. Söngur óskalagð hennar Míu „Vorvindar glaðir“
6. Myndartaka af umhverfisnefnd nemenda skólaárið 2016-2017

Fundi slitið

Næsti fundur verður haldinn í BES 30. nóv. 2016